



Siðareglur ÍR

Siðareglur þessar gilda fyrir alla ÍR-inga jafnt félagsmenn, starfsmenn sem og aðra sem til lengri eða skemmri tíma taka þátt í starfi ÍR. Siðareglurnar gilda fyrir alla starfsemi í nafni ÍR jafnt í húsnæði félagsins sem utan þess.

1. grein

Við höfum hagsmuni ÍR að leiðarljósi í orðum og athöfnum og erum félaginu til sóma í öllu starfi á vegum þess.

2. grein

Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum, búningi, umhverfi, áhöldum og mannvirkjum.

3. grein

Við komum fram af heiðarleika og sanngirni og leitumst við að eiga góð samskipti við alla þá sem starfað er með eða fyrir. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, umhverfi, stað og stund.

4. grein

Við leitumst við að koma í veg fyrir allt ofbeldi. Niðurlægjandi framkoma, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir, er aldrei liðin innan ÍR.

5. grein.

Í starfi ÍR er stuðlað að jöfnum tækifærum og ekki er mismunað vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana eða annarrar stöðu.

6. grein

Við gætum fyllsta trúnaðar og þagmælsku um öll þau atriði sem við fáum vitneskju um í störfum okkar eða við iðkun hjá ÍR og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þess er gætt að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi innan félagsins og að aðgengi að slíkum upplýsingum takmarkist af því.

7. grein

Sem ÍR-ingar misnotum við ekki aðstöðu okkur í þágu einkahagsmuna. Einnig veitum við engum sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla.

8. grein

Við kynnum okkur vel þessar siðareglur svo við getum eftt velgengni í leik og starfi ÍR. Við kynnum þær fyrir öðrum sem við berum ábyrgð á, stöðu okkar vegna.

9. grein

Við gerum okkur grein fyrir því að ef við brjótum þessar reglur er heimilt að vísa okkur úr starfi ÍR, tímabundið eða að fullu.